

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólgata 4

101 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2020

Efni: Umsögn um fyrirbyggjandi tillögu að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3

Vinumarkaðurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum sem tengjast m.a. lýðfræðilegum breytingum og tæknibreytingum. Hvað varðar lýðfræðilegu breytingarnar þá snúast þær um hækkandi lífaldur íslensku þjóðarinnar og breytta samsetningu þjóðarinnar þar sem hlutfall fólks af elendum uppruna fer vaxandi. Þetta kallar í auknum mæli á þverfaglega teymisvinnu allra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðiskerfisins, þar á meðal félagsliða en þeir sinna m.a. einstaklingum með fötlun, geðraskanir, öldruðum og langveikum. En Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir heilbrigði sem líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.

Í ritinu [Heilbrigðisstefna, stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#), kemur eftirfarandi fram á bls. 9:

Ævilíkur landsmanna hafa aukist verulega á undanförunum áratugum og þjóðin er að eldast þótt hún sé enn ung samanborið við aðrar Vesturlandaþjóðir. Þessari þróun fylgja ýmsar áskoranir, meðal annars fyrir velferðarkerfið þar sem þarf að mæta vaxandi þjónustubörf eftir því sem öldruðum fjölga hlutfallslega. Heilbrigðisvandi vegna ýmissa lífsstílstengdra og langvinnra sjúkdóma hefur einnig farið vaxandi og leitt til aukins álags á heilbrigðiskerfið á síðustu áratugum. Þar má til dæmis nefna offitu og ýmsa alvarlega fylgikvilla hennar, fíknisjúkdóma og ýmsa sjúkdóma af geðrænum toga.

Á undanförunum árum hafa kröfur til velferðarþjónustu aukist til muna og fleiri þurfa sértæka aðstoð. Þetta hefur valdið því að gerðar eru meiri hæfnikröfur á félagsliða og til að svara þeim var búið til viðbótanám fyrir félagsliða sem fór af stað árið 2012. Eðlilegra er að til sé heildstæð námsbraut sem felur í sér þau hæfniviðmið sem krafa er um í dag. Ljóst er af samtölum við stjórnendur og félagsliða að í dag eru gerðar auknar kröfur um sjálfstæði í starfi félagsliða t.d. vegna aukinnar áherslu umönnunarkerfisins á notendastýrða, persónulega aðstoð. Félagliðar vinna að endurhæfingu fólks sem vegna félagslegra aðstæðna, veikinda, öldrunar, þroskaraskana eða hvers konar áfalla þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Vel menntað og hæft starfsfólk ræður miklu um góðan árangur velferðar- og heilbrigðisþjónustunnar og því er mikilvægt að nám félagsliða sé fært upp á þriðja hæfniprep sem er í takt við þær hæfnikröfur sem gerðar eru í störfum félagsliða í dag.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Þórdórsdóttir

Fræðslustjóri Sameykis stéttarfélags í almannþjónustu

johanna@sameyki.is

s. 525-8330